

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Molduhrauni í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti, 18. janúar 2001, tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi í Molduhrauni við Austurhraun 7.

Í breytingunni felst að byggingarreitur er lengdur til norðurs um 11 m í átt að lóðinni við Miðhraun 11. Skipulagsskilmálar svæðisins gilda áfram óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 5. febrúar 2001.

F.h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.